

14. desember 2011

V E T R A R F U G L A T A L N I N G 2 0 1 1

Fuglatalningardagur 2011 hefur verið valinn **sunnudagur 8. janúar 2012**.*

Eftir-talningarfundurinn verður haldinn **mánudaginn 9. janúar 2012 kl. 20:30** í fundarherbergi Náttúrufræðistofnunar á 3. hæð í vesturbyggingu. Þeir sem ekki komast eru beðnir að senda útfyllt eyðublað til Náttúrufræðistofnunar, Urriðaholtsstræti 6-8, 212 Garðabæ eða á vetrarfugl@ni.is fyrir fundinn.

Talningareyðublað í EXCEL-formi og leiðbeiningar um útfyllingu þess er að finna á vefþjóni Náttúrufræðistofnunar á slóðinni <http://www.ni.is/vetrarfugl>. Vistið eyðublaðið á tölvunni ykkar ("Save") og fyllið út talninganiðurstöður. Eyðublaðið má senda sem viðhengi á **vetrarfugl@ni.is** eða á disklingi..

*Einnig má telja laugardaginn 7. janúar 2012. Ef veður eða annað kemur í veg fyrir talningu á tilsettum degi má telja næsta hentuga dag. Talningarmenn á samliggjandi svæðum þurfa að hafa samráð um breyttan talningardag.

Þeir sem vilja taka þátt í talningunni eru beðnir að hringja (**5900500**), senda fax (**5900595**) eða tölvupóst (vetrarfugl@ni.is) til Náttúrufræðistofnunar **eigi síðar en 23. desember 2011**.

Gengið er út frá því að þeir sem ekki hafa samband ætli sér **ekki** að taka þátt í talningunni að þessu sinni og **verður þeim þess vegna ekki úthlutað talningarsvæði**.

Niðurstöður talninga (2002-2010) er að finna á vef NÍ (<http://ni.is/vetrarfugl>).

Með kærri kveðju,

Kristinn Haukur Skarphéðinsson
Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja Auhage

SJÁ BAKHLIÐ

Talningarmenn vinsamlegast athugið:

Áður skilgreind talningarsvæði:

Niðurstöður verða ekki sambærilegar, ef talningaraðferðum er breytt milli ára eða taldir eru misstórir hlutar svæðis eftir árum.

Breytið aldrei mörkum á áður skilgreindu talningarsvæði, nema hjá því verði alls ekki komist (vegna óhagstæðs veðurs, veikinda og annarra óhjákvæmilegra þátta). Skýra verður frá öllum slíkum frávikum á talningareyðublaðinu. Ef svæðismörkum er hnikað sem einhverju nemur þarf að gefa svæðinu nýtt svæðisnúmer. Stundum er betra að sleppa talningu en telja aðeins hluta af áður skilgreindu talningarsvæði.

Beitið sams konar talningaraðferðum og áður.

Útfylling talningareyðublaða:

Gleymið ekki að geta talningarsvæðis þegar eyðublað er fyllt út og gerið grein fyrir öllum breytingum á fyrirkomulagi frá fyrri árum.. Mikilvægt er að lýsa svæðinu í stuttu máli fremur en að segja „talið sama svæði og undanfarin ár“, eins og stundum er gert.

Haldið tölum frá mismunandi talningarsvæðum á aðskildum eyðublöðum.

- Skellið ekki saman upplýsingum frá mismunandi dögum til þess að fjölga tegundum og einstaklingum.
- Leitið ekki sérstaklega upp svæði þar sem fuglar halda sig hverju sinni því þá breytist talningarsvæðið miðað við hvernig það var skilgreint.
- Ef einhver hluti svæðis er ekki talinn, t.d. vegna ísalaga, þarf að taka það fram.

Nýtt talningarsvæði:

Þegar *nýtt talningarsvæði* er skilgreint verður að gæta fyllsta samræmis við nærliggjandi eldri talningarsvæði. *Vinsamlegast byrjið ekki að telja á nýju svæði án þess að hafa fyrirfram samband við umsjónarmann fuglatalninga á Náttúrufræðistofnun.* Vera kann að nýja svæðið (eða hluti þess) sé innan áður skilgreinds svæðis.

Þegar nýtt svæði er afmarkað er nauðsynlegt að nota greinileg landslagseinkenni (á, þjóðveg, áros, klettabelti, o.s.frv.). Enginn vafi má vera á því, hvar svæði byrjar og hvar það endar. Í þéttbýli þarf að telja upp allar götur sem farið er um.

Metið lengd nýrra talningarsvæða í heilum og hálfum kílómetrum, eða mælið lengd þess með GPS-tæki.